

6. fundur Betadeildar starfsárið 2018 – 2019 haldinn 8. apríl kl. 19:30 í húsnæði Fræðslusviðs að Glerárgötu 26.

1. Sigríður setti fund, bauð konur velkomnar og bar fundinum kveðjur fjarstaddra kvenna.
2. Selma Hauksdóttir kveikti á kertum. Sigríður kynnti undirbúningsnefnd fundarins sem tók við stjórn dagskrár og sá Hildur Hauksdóttir um fundarstjórn.
3. Konur kynna sig: Sirrý, Eygló og Rósa sögðu frá sér.
4. Elín las síðustu fundargerð og var hún samþykkt með smá lagfæringu.
5. Hildur gaf Sigríði orðið sem fór yfir nokkur erindi frá stjórn:
 - Landssambandsþing og aðalfundur. Sigríður fór yfir auglýsta dagskrá landssambandsþings og aðalfundar 4. maí n.k. en yfirskrift þingsins er Lífsins vegur – leiðsögn og nám. Í stað formanns mun Hugrún sitja fyrirhugaðan framkvæmdaráðsfund sem verður 3. maí. Marta Lilja mun mæta á fund sem er sérstaklega ætlaður gjaldkerum deildanna vegna fyrirhugaðra breytinga á innheimtu gjalda. Sigríður hvatti konur til að skoða tillögur að lagabreytingum og tillögur uppstillingarnefndar sem eru á heimasíðunni ásamt greinargóðum upplýsingum um þing og aðalfund.
 - Alþjóðþingið sem haldið verður á Hótel Natura 25.-27. júlí var einnig til umræðu. Sigríður fór vel yfir dagskrá þingsins og skráningarformið á vefnum og minnti konur á notkun ID númersins við skráningu. Engin lokadagsetning er fyrir skráningu en skráningargjald hækkar eftir 25. júní. Konur voru minntar á að skrá sig sérstaklega á viðburði þingsins. Síðasti skráningardagur fyrir gistingu á Hótel Natura er 1. maí og fara þarf inn á sérstaka síðu til að bóka þar vegna alþjóðþingsins. Rætt var um að þær konur sem hugsa sér að bóka gistingu tali sig saman. Sigríður sagði frá happdrætti sem yrði á alþjóðþinginu og leitað væri til allra deilda með vinninga sem fælu helst í sér kynningu á landi og þjóð en væru í léttara lagi upp á flutning. Miðað er við einn vinning frá hverri deild. Ýmsar hugmyndir voru ræddar og konur sammála um að leggja áherslu á hönnun af svæðinu. Rósa og Ragnheiður tóku að sér málið.
 - Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Haldið var áfram með umræðu sem reifuð var 12. febrúar um hvernig okkar félag geti lagt sitt af mörkum til að vinna að heimsmarkmiðunum. Konur unnu saman í fjórum hópum í þeim tilgangi að finna flöt á nálgun viðfangsefnisins og svöruðu nokkrum atriðum sem stjórn hafði sett á blað. Eftirfarandi hugmyndir voru lagðar fram eftir þær umræður:
 - samtök eins og þessi geta unnið að þessum markmiðum með að dreifa þekkingu
 - margt sem Betadeild gerir rýmar vel við mörg heimsmarkmiðanna t.d. styrkir stúlkur til náms, UNICEF gjafir, öflun þekkingar og fræðslu í gegnum þemun okkar, gætum tekið upp gamla takta við gróðursetningar
 - gætum horft til okkar nærsamfélags með markmið varðandi menntun fyrir alla og/eða jafnrétti kynjanna í ljósi umræðna um innflytjendur og menntun fyrir alla á Íslandi
 - loftslagsmál og sóun komu einnig til umræðu.Rætt var um að Betakonur gætu verið duglegri við að koma sínum umræðumálum á framfæri og þannig virkað sem hvatning fyrir aðra.
6. Önnur mál
 - Elín sagði nefndina fyrir alþjóðadag kennara vera að byrja undirbúning og leitaði eftir hugmyndum að efni samræðuþingsins. Einni hugmynd var varpað fram, loftslagsmál. Konur ætluðu að hugsa málið og koma hugmyndum sínum til skila til Elínar.

- Aníta sagði frá hugmynd sem Hanna kom með varðandi borðskreytingar fyrir galakvöldverðinn á alþjóðþinginu. Hanna hefur boðist til að hekla litlar pyngjur sem síðan verður settur í lítill hraunmoli eða steinn og eitthvað lítið íslenskt nammi. Spurt var hvort Betakonur væru tilbúnar að styrkja þetta framtak með því að leggja til rautt garn í pokana. Jafnframt bað Hanna um aðstoð við að stinga ofan í pokana. Þessum beiðnum var að sjálfsgöðu vel tekið. Aníta sagði jafnframt frá því að hlutverk gestgjafa við borðin væri m.a. að kynna handverkskonuna og innihald pokanna. Aníta hvatti konur eindregið til að mæta á þingið og bar konum einnig skilaboð frá Ingibjörgu Einarsdóttur um að galakvöldverðurinn verði flottur og með fyrirtaks skemmtikröftum. Konur hvöttu Anítu til að kalla eftir aðstoð eftir því sem þyrfti.
 - Sigríður óskaði Anítu til hamingju með námsstyrk sem hún hlaut nýlega úr International Scholarship sjóðnum en Aníta er í mastersnámi við Háskóla Íslands.
7. Kaffihlé, pyngja og happdrætti. Kaffiveitingar voru eins og að venju myndarlegar og pyngjan góða gekk á meðan konur gæddu sér á kaffi og meðlæti. Dregið var í happdrættinu og fékk Elín vinninginn.
 8. Gestafyrirlesari var Eva Harðardóttir félagsgreinakennari og jafnréttisstýra við Menntaskólann á Akureyri og doktorsnemi í menntavísindum. Hún hélt fyrirlestur sem bar yfirskriftina Malaví í máli og myndum en Eva starfaði um nokkurra ára skeið í Malaví þar sem Íslendingar styrktu stöðu sérfræðings á skrifstofu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF. Eva vann að menntamálum, kom að áætlunum, eftirfylgni og mati á verkefnum. Hún fræddi okkur um starf sitt og ekki síður lífshætti í Malaví, stöðu barna, unglingsstúlkna og kvenna. Þessu menntaverkefni sem Eva vann að hefur verið hrundið af stað í um hundrað skólum í Malaví á svæðum þar sem áskoranir voru hvað mestar. Eva tengdi þau viðfangsefni sem hún fékkst við í starfi sínu í Malaví sérstaklega við heimsmarkmið 2, 3, 4 og 5 þrátt fyrir að þau hafi í sjálfu sér ekki verið komin alveg á koppinn á þessum tíma. Þetta verkefni sem unnið var að hefur verið notað sem dæmi í heimsmarkmiðunum. Að loknum afar fræðandi og áhugaverðum fyrirlestri færði Hildur Evu rós og þakkir fyrir góðan fyrirlestur.
 9. Fundi var slitið klukkan 9:45. Sigríður pakkaði konum góða fundarsetu og undirbúningsnefnd fyrir þeirra framlag og bað Selmu að slökkva á kertunum.

Fundargerð ritaði Elín E. Magnúsdóttir